

Fróðleikur um kirkjuna og garðinn á Kotströnd í Ölfusi: Kirkjan var reist **1909**. Hún er byggð úr timbri, járnklædd og tekur um 200 manns í sæti. Rögnvaldur Ólafsson húsameistari teiknaði, en yfirsmiður var Samúel Jónsson, faðir Guðjóns arkitekts og húsameistara ríkisins. Í kirkjunni eru tvær gamlar klukkur, önnur úr Arnarbælskirkju frá **1644**, hin leturlaus frá Reyjakirkju. Kirkjugarðurinn á Kotströnd var vígður þann **16. Október 1909** og var „Vökumaður“ hins nýja kirkjugarðs, Kjartan Ólafsson Tómasson (F.4.11.1908 D. 25.9.1909) jarðsettur þann dag. Eftirfarandi vers er skráð á minningarstein við gröf Kjartans Vökumanns:

**Vak þú, minn Jesú, vak í mér
vaka láttu mig eins í þér
sálin vaki þá sofnar líf
sé hún ætíð í þinni hlíf. (HP)**

Kirkjugarður Kotstrandarkirkju þjónar einnig Hveragerðissókn en Hvergerðingar sóttu kirkju að Kotströnd uns þeir reistu sína kirkju. Eldri kirkjugarðinn markar á tvo vegu garður hlaðinn úr hraungrýti, sem er fagurlega hlaðinn. Kirkjugarðurinn í Arnarbæli í Ölfus heyrir jafnframt undir kirkjugarðsnefndina svo og kirkjugarðurinn að Reykjum í Ölfusi, tæknilega, en kirkja sem var að Reykjum fauk í ofviðri og var endurreist að Kotströnd 1909. Kotstrandarkirkjugarður keypti einn hektara lands af Valborgu Þorvaldsdóttur frá Mæri í Ölfusi, árið **1997**, kaupverðið var ein milljón króna. Valborg var búsett í Strassbourg í Frakklandi, og óskaði eftir því að fá að velja greftrunarstað fyrir duftker sitt að sér látinni. Valborg lést **2019** og duftker hennar hvílir nú á þeim stað, er hún sjálf hafði valið. Er það fyrsta duftkerið, sem jarðsett er á þessu nýja svæði. Landslagshönnun er gerð af Fríðu Björg Eðvaldsdóttur landslagsarkitekts núverandi „ábúanda“ á Mæri.

Framkvæmdir við stækkun Kotstrandar kirkjugarðs hófust þann 21. Apríl **2009**, með því að Eyrún Rannveig Þorlábsdóttir kirkjuvörður (Edda á Krossi) tók fyrstu skóflustunguna við stutta athöfn í garðinum. Nýji kirkjugarðurinn var svo formlega vígður á hundrað ára ártíð Kotstrandar kirkjugarðs 18. Október **2009**.

Á árunum 2019-2020 var svæðið sunnan við eldri kirkjugarðinn lagfært með því að nýta afgangsmold í samstarfi við Vegagerðin, sem vinnur að miklum vega framkvæmdum í Ölfusi. Svæðið allt var hækkað töluvert og sá Vegagerðin einnig um að jafna og slétta svæðið, allt án kostnaðar fyrir kirkjugarðinn. Bræðurnir Halldór og Pétur Guðmundssynir frá Hvammi í Ölfusi, sáu síðan um að finslétta og sá grasfræi í flötina. Þarna er komin snyrtileg slétta og framtíðar grafarstæði, með betri jarðvegsdýpt en áður.

Árið 2020 fóru fram 20 jarðsetningar í Kotstrandarkirkjugarði þar af voru 1 duftker. Það sem af er af árinu 2021 hafa farið fram 7 jarðsetningar þar af 4 duftker. Alls eru nú 78 grafir í nýja garðinum 1.mars 2021.

Þess má geta að talsvert er um heimsóknir ferðamanna, innlendra og erlendra að Kotstrandarkirkju, enda kirkjan verulega fallegt og áberandi mannvirki í umhverfi Ölfus. Víðsýnt er til allra átta um þennan hluta sveitarinnar af kirkju hlaðinu og úr garðinum. Þessar heimsóknir eru allt árið, áberandi eru jólaljósinn um hátíðarnar og þegar norðurljós skarta á björtum vetrarnóttum er jafnvel stoppað á hlaði Kotstrandarkirkju þar, sem sést vel um allt himinhvolfið og ljósmengun í lágmarki.

Í stjórn Kotstrandar kirkjugarðs eru Birgir Þórðarson formaður, Egill Gústafsson gjaldkeri, Íris Judith Svavarsdóttir, Halldór Guðmundsson, Ólöf Jónsdóttir. Steindór Gestsson er kirkjugarðsvörður.

BP 03.2021



Horft yfir efri flötina austur að Kotstrandarkirkju.



Horft yfir hluta nýja garðs vestur yfir Ölfus.



Blómaker við kirkjuna.



Stéttin fellur vel inn í flötina og er sérlega vönduð og faglega unnin.

Kotstrandarkirkjugarður. Vígsla 18. október 2009. 100 ára ártíð.

Á fundi kirkjugarðsnefndar Kotstrandar kirkjugarðs, þann 1. apríl sl., voru m.a. á dagskrá tvö merkismál í sögu kirkjugarðsins og Kotstrandarkirkju; Kynnt var tillaga séra Jóns Ragnarssonar um athöfn og vígslu minnisvarða vegna 100 ára ártíðar kirkjugarðsins og reyndar Kotstrandar kirkju einnig. Fjallað var um teksta og fyrir komulag með uppsetningu og hönnun.

“**Vökumaður**” hins nýja kirkjugarðs var jarðsettur hér þann 16. október árið 1909, þ.e. fyrir hundrað árum, en hann var

Kjartan Ólafsson Tómasson

fæddur: 4. nóvember 1908

dáinn: 25. september 1909

Eftirfarandi vers, eftir skáldið góða Séra Hallgrím Pétursson, er nú skráð á minningarsteininn;

Vak þú, minn Jesú, vak í mér,

vaka láttu mig eins í þér,

sálin vaki þá sofnar líf,

sé hún ætíð í þinni hlíf.

Hönnun og umsjón með gerð minnisvarðans höfðu Þór Sigmundsson steinsmiður og Guðni Tómasson.

Annað mál á dagskrá þennan dag var ákvörðun um endanlega hönnun og framkvæmdir við stækkun kirkjugarðsins, sem all lengi hafði staðið til, á um eins hektara landi, sem keypt var til þeirra nota árið 1997. Kynnt var staða hönnunar, verklýsing og verðkönnun, vegna væntanlegrar stækkunar kirkjugarðsins. Það var granni okkar á næsta bæ, hér á Mæri,

Fríða Björg Eðvarðsdóttir landslagsarkitekt, sem vann að hönnun nýja kirkjugarðsins. Sigurður Þ Jakobsson tæknifræðingur í Hveragerði vann verklýsingu eftir þeim teikningum, Sigurður vann einnig kostnaðaráætlun, ýmsar tækniteikningar og annaðist verkeftirlit. Gerð var verðkönnun meðal jarðvinnuverktaka hér í héraði. Einnig var haft samband við Ólaf Njálsson garðyrkjufraeðing í Nátthaga og óskað eftir að hann kæmi að verkinu með ráðgjöf um plöntuval. Eftir að verðkönnun lá fyrir, en 5 tilboð bárust í verkið, öll undir kostnaðaráætlun, var samið við lægstbjóðanda, sem var Ræktunarmiðstöð Jóhanns Ísleifssonar í Hveragerði. Strax og verksamningur lá fyrir ásamt framkvæmdaleyfum sveitarfélaganna var hafist handa og unnið allan tímann í samræmi við verk- og áfangaáætlun kirkjugarðsnefndarinnar um verkið; Þann 21. apríl tók Eyrún Rannveig Þorlákssdóttir kirkjuvörður fyrstu skóflustunguna að nýja garðinum, við stutta athöfn í garðinum, og hafist var handa. Í fyrstu sóttist verkið seint vegna rigninga, en brátt fór sólin að skína og framundan var einstæð veðurbliða um sumarið og allan verktímann og lauk umsömdu verki á áætlun fljótt og vel þann 15.júlí.

Hér hefur verið ýtt, grafið og mótað landið, samtals um 10 þúsund rúmmetrar á um einum hektara, vegir og stígar eru um 2,600 fermetrar, lagðir voru um 300 metrar af fráveitulögnum og aðrir 300 metrar í nýrri vatnsveitu og margt fleira gert. Allar plöntur komu stórar og hraustar frá Ólafi í Nátthaga, útplöntunina önnuðst að mestu landslagsarkitektinn og granninn Fríða Björg og undirritaður, svo kom á mig að vökva, reyndist það ærinn starfi í þeim miklu þurrkum, sem voru í sumar, erfitt með vatn þar til nýja vatnsveitan kom. Hafðist það allt um síðir og engin þeirra dó eins og sagt er, þ.e. plönturnar ágætu úr Nátthaga höfðu það af og þrifust vel.

Eins og fram hefur komið hér var það markviss stefna stjórnar kirkjugarðsins strax í upphafi að öll vinna og efni kæmu hér úr næsta nágrenni, þ.e. Ölfusi og Hveragerði, þeim ágætu sveitarfélögum

Eitt og annað er þó eftir og er fyrirhugað að 2010 verði verkinu haldið áfram og gróðurplöntun m.a. lokið að mestu. Auk þess, að á því svæði, sem ekki nýtist fyrir grafarsvæði, hér efst í garðinum, þar sem í ljós kom svolítið grjótholt, verði gerður lítill biblíulegur grasgarður, sem ég hef kallað svo. Svo má segja að áfram verði hér lagað til og fegrað í tímans eilífu rás.

Öllum, sem að verkinu komu færi ég bestu þakkir frá kirkjugarðsnefndinni; Áður hef ég nefnt Fríðu Björgu landslagsarkitekt, Sigurð tæknifræðing, hinn ágæta verktaka Jóhann Ísleifsson og einnig vil ég nefna og þakka bílstjórum, véla- og verkmönnunum, sem unnu verkið, þeim Baldri Sigurðssyni, Guðmundi B Jóhannssyni, Reyni Guðmundssyni, Gunnari Sigurðssyni, Ingólfi Einarssyni, Ara Michelssen, Brynjólfi D Halldórssyni og Björgvin Ásgeirssyni starfsmönnum Ræktunarmiðstöðvarinnar. Þorsteini Hannibalssyni umsjónarmanni kirkjugarðsins færi ég þakkir fyrir gott samstarf. Sveitarfélögunum þakka ég líka fyrir góða samvinnu svo og grönnum hér á Kotströnd og á Mæri.

Í kirkjugarðsnefnd Kotstrandar kirkjugarðs, eru auk mín

Eyrún Rannveig Þorláksdóttir

Hulda Hjaltadóttir

Egill Gústafsson

Þorsteinn Hannibalsson

Þakka ég þeim öllum einstaklega gott samstarf um verk þetta svo og sóknarnefndinni og sóknarprestinum, séra Jóni Ragnarssyni.

Að lokum vil ég segja það að ég hef haft mikla ánægju af að koma að þessu verki og sjá það vel unnið af öllu því ágæta fólki, sem að því hefur komið á einn eða annan hátt. Nú göngum við út, vígjum minnismarkið og skoðum Vesturgarðinn. Að því loknu bíð ég alla velkomna í kaffi og kökur í safnaðarheimili Hveragerðiskirkju. Takk fyrir, í Guðs friði.

BP/13.10.2009